

ustu refsingar ákærða skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, hafi hann eigi gerzt sekur um nýtt brot á þeim tíma.

Bótakröfum í máli þessu er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs sækjanda, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1961.

Nr. 224/1960. **Hálfván Helgason** (Jóhann Steinason hdl.).
gegn

Hervald Andræssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Armann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1960. Hann krefst lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um fébætur verði staðfest, þó þannig, að áfrýjanda, sem hinn 20. júlí 1961 greiddi kr. 20.000.00 upp í kröfu stefnda, verði einungis dæmt að greiða kr. 115.879.05 með 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 8% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi þess, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest

og að áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Loks krefst stefndi lögveðréttar í bifreiðinni R 7254 til tryggingar kröfum þessum.

Aðiljar eru sammála um að leggja til grundvallar í máli þessu áætlun þá um orkutjón stefnda, er í héraðsdómi getur, enda þótt tjónið teldist nokkru meira samkvæmt mati eftir uppsögu héraðsdóms.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina kröfu stefnda, að því er tjónbætur varðar, og verður áfrýjanda samkvæmt því dæmt að greiða stefnda kr. 115.879.05 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. janúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 7% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður staðfest ákvæði héraðsdóms um málskostnað og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R 7254 til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hálfán Helgason, greiði stefnda, Hervald Andréssyni, kr. 115.879.05 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 7% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R 7254 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Hervald Andrússon, Hagamel 24, hér í borg, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. marz 1960, gegn Hálfðáni Helgasyni bifreiðarstjóra, Hallveigarstíg 10, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 161.551.05, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. marz 1959 til 21. febrúar 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar eftir gjaldskrá L.M. F.Í. Enn fremur er krafist viðurkenningar á lögveðrétti stefnanda til handa í bifreiðinni R 7254.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Vátryggingarfélaginu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Tildrög þessa máls eru þau, að um kl. 2130 föstudaginn 6. marz 1959 var stefnandi á ferð riðandi sunnan úr Skerjafirði hér í borginni, og var í fylgd með honum Sigurbjörg nokkur Helgadóttir. Þau voru hvort um sig einhesta. Myrkur var að sjálfsögðu á þessum tíma, en heiðskirt og, að því er virðist, einnig gott veður að öðru leyti. Snjór var á jörðu og hált. Af ferð stefnanda og fylgdarkonu hans segir ekki, fyrr en þau voru stödd á Þvervegi, skammt frá þar sem hann og Suðurgata komu saman á beygju meðfram norðvesturhorni Reykjavíkurflugvallar, rétt sunnan við mót Suðurgötu og Hörpugötu. Riðu þau eftir hægri (eystri) jaðri Þvervegar, sem er þarna um 8½ metri á breidd, en svo hagaði til á þessum tíma, að 30—40 cm hár snjóruðningur var á báðum jöðrum götunnar. Götulýsing var þarna engin. Er ferð þeirra var þar komið, sem að framan greinir, bar að bifreið stefnda, R 7254, á leið suður í Skerjafjörð. Var bifreiðin í þann mund að koma úr greindri beygju. Bifreið þessi er 6 manna leigubifreið til mannflutninga, og ók stefndi henni sjálfur. Skipti það engum togum, að bifreiðin lenti á hesti stefnanda með þeim afleiðingum, að vinstri fótur stefnanda brotnaði. Féll stefnandi af baki við áreksturinn og kom niður í snjóinn rétt utan við akbrautina. Hestur hans hlaut nokk-

urn áverka á vinstri nára. Bifreiðin skemmdist allmikið að fram-anverðu. Rannsóknarlögreglan kom á vettvang skömmu eftir slysið. Liggur fyrir í málinu uppdráttur hennar af slysstaðnum. Samkvæmt honum hefur bifreiðin stöðvazt utarlega á sínum vinstri helmingi akbrautarinnar, þannig að vinstra framhorn hennar hefur að nokkru verið út í snjóruðningnum á götujaðrinum, en vinstra afturhorn um 1 metra frá götujaðri. Hemlaför eftir bifreiðina eru sýnd á uppdrættinum og virðast hafa mælt 3—4 metrar á lengd. Eftir hemlaförunum að dæma hefur bifreiðinni verið ekið um 1 metra frá syðri jaðri götunnar, þannig að breidd götunnar meðfram hægri hlið bifreiðarinnar hefur verið 5—6 metrar.

Stefnandi skýrir svo frá, að fram til þess er slysið varð, hafi hann og fylgdarkona hans riðið samsíða, en rétt í þann mund og það varð hafi hann verið orðinn aðeins á undan og riðið alveg út á eystri jaðri götunnar. Hestarnir hafi verið á lítilli ferð, þeir hafi rétt brokkað. Stefnandi kveðst ekki hafa séð bifreið stefnda fyrr en skyndilega rétt í þann mund, er slysið varð. Hann kvaðst ekkert geta sagt um ökuhraða bifreiðarinnar. Tekur þó fram, að honum hafi fundizt bifreiðin koma á mikilli ferð að sér, en rétt áður en slysið varð, hafi verið dregið úr ferð hennar. Stefnandi kveðst muna, að hann hafi sveigt hestinn út í snjóinn austan við akbrautina, en áður en honum tókst það til fulls, hafi bifreiðin lent á hestinum og sjálfum honum. Hafi bifreiðin lent á vinstri hlið hestsins og örugglega einnig á vinstri fæti hans sjálfs, því að fóturinn hafi þverbrotnað um öklann. Stefnandi var með áfengispela meðferðis. Kveðst hann hafa neytt áfengis á ferðinni, þannig að hann hafi fundið á sér breytingu.

Vitnið Sigurbjörg Helgadóttir kveður þau stefnanda hafa riðið eftir hægri jaðri götunnar, er umrætt slys varð. Hafi stefnandi þá verið um hestlengd á undan vitninu alveg á götujaðrinum, en sjálft hafi það verið aðeins innar á götunni. Vitnið kveðst ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en rétt áður en slysið varð. Hafi bifreiðin þá verið alveg komin að stefnanda. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, hver ökuhraði bifreiðarinnar var, en með tilliti til þess hve bifreiðina bar fljótt að þeim, hljóti henni að hafa verið ekið hratt. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvernig sjálft slysið atvikaðist. Því hafi brugðið mjög mikið, en það hafi þó gert sér grein fyrir hættunni, sem að því steðjaði. Hafi því tekizt að sveigja hesti sínum til hægri og forða honum undan bifreiðinni. Það kveðst þó hafa kastazt af baki hestinum, án þess það geti gert sér grein fyrir orsökum þess, og fallið á götuna framan við bifreiðina, sem

þá hafi verið búið að stöðva. Vitnið kveðst halda, að stefnandi hafi einu sinni neytt áfengis á ferð þeirra.

Stefndi kveðst gizka á, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið um 24 km, miðað við klukkustund, áður en slysið varð. Hann kveðst hafa ekið með lægri ökuljósinn tendruð, þar sem hann hafi séð bifreið koma á móti. Hann kveðst ekki hafa séð hestana, fyrr en hann átti ófarna um bíllengd að þeim. Hafi honum virzt hestarnir vera á brokki. Um leið og hann sá hestana, hafi hann stigið á hemla, en sökum hálfu á götunni hafi bifreiðin runnið áfram um lengd sína, án þess hann fengi við ráðið. Stefndi kveður hest þann, er konan reið, hafa verið yzt á götujaðrinum, en hestur stefnanda hafi sennilega verið innar á götunni. Stefndi kveður snjóbarða hafa verið á þremur hjólum bifreiðarinnar, afturhjólum og hægri framhjólum.

Vitnið *Álfheiður Erla Jónsdóttir* var farþegi í R 7254 og sat í framsæti bifreiðarinnar. Það kveður bifreiðinni hafa verið ekið hægt, en treystir sér ekki til að áætla ökuhraðann í km. Tildrögum slyssins lýsir vitnið þannig, að það hafi allt í einu séð tvo hesta koma á ferð á móti bifreiðinni, og um leið hafi því fundizt slysið verða. Hafi það allt skeð á sama andartaki, að það sá hestana, að bifreiðinni var hemlað og að bifreiðin lenti á öðrum hestinum eða báðum.

Er stefnandi var kominn í slysavarðstofuna eftir slysið, var tekið sýnishorn af blóði hans, þar sem grunur lék þá á, að hann væri undir áhrifum áfengis. Fundust í blóðinu reducerandi efni, er svara til 1.13% af alkóhóli.

Bifreiðaeftirlitsmaður einn var fenginn til að reyna bifreið stefnda í akstri eftir slysið. Hafði bifreiðinni verið ekið af slyssað á Fríkirkjuveg 11, er sú prófun fór fram. Í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins, dags. 9. marz 1959, segir á þessa leið:

„Við skoðun reyndust öryggis- og stjórnþæki bifreiðarinnar vera í lagi. Bifreiðinni ók ég eftir Tjarnargötu á 30 km hraða og beitti fullu átaki á fóthemla til stöðvunar. Hemlaför mældust 7 m eftir öll hjól, en einna minnst eftir vinstra framhjól. Snjór var á Tjarnargötunni, þar sem bifreiðinni var hemlað, bifreiðin var ekki með snjókeðjur, en á snjóhjólbörðum á þremur hjólum, ekki á vinstra framhjólum. Þá var bifreiðinni hemlað á Skothúsvegi, sem var svo til snjólaus, stöðvaðist bifreiðin þar á 3 metrum, ökuhraði 30 km...“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að honum verði á engan hátt um slys þetta kennt. Hann hafi riðið eftir hægri jaðri

götunnar, svo sem honum hafi verið skylt samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Hann hafi og að öðru leyti gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum var hægt að krefjast. Á hinn bóginn sé ljóst, að stefndi hafi einn átt sök á slysinu, þar eð hann hafi bæði ekið of hratt og að öðru leyti ógætilega miðað við aðstæður, en þörf hafi verið sérstakrar aðgæzlu sökum þess, að götulyting var engin á þeim slóðum, þar sem slysið varð, og yfirborð götunnar glerhált. Stefndi hljóti því samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 að bera óskipta fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi með gáleysi sínu einn valdið því, hvernig til tókst. Svo sé að sjá, að hann hafi alls ekki fylgzt með umferðinni og eigi gert tilraun til að víkja úr vegi fyrir bifreiðinni. Það hafi honum þó skilyrðislaust borið að gera, er bifreiðin kom á móti honum, enda hafi engin hindrun verið því til fyrirstöðu. Það ákvæði 63. gr. umferðarlaga, að ríðandi vegfarendur skuli halda sig á hægri vegjaðri, hafi verið sett í þeim einum tilgangi, að þeir fylgdust betur með umferðinni og hefðu þar með betra færi á því að víkja úr vegi fyrir farartækjum, enda sé það skýrt tekið fram í lagagrein þessari, að þeir eigi að víkja greiðlega fyrir farartækjum, er fram hjá þeim fari.

Í 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, er í gildi var á þeim tíma, er umrætt slys varð (sbr. nú lög nr. 26/1960), segir m. a., að reiðmenn skuli halda sig á hægri hluta vegarins og víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma. Það er ágreiningslaust, að stefnandi og förunautur hans héldu sig á hægri hluta götunnar, áður en slysið varð, og ekki hefur þeirri samhljóða frásögn þeirra verið hnekkt, að stefnandi hafi þá verið heldur á undan og yzt á götujaðrinum. Að þessu athuguðu og þar eð ekki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi að öðru leyti verið meðvaldur að slysinu, ber samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 að leggja á stefnda óskorað fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Kemur þá til álita fjárhæð bótakröfunnar, sem stefnandi sundurliðar þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 135.562.00
2. Þjáningar, lýti og óþægindi —	20.000.00
3. Sjúkrakostnaður	3.864.05
4. Læknisvottorð	1.150.00
5. Útreikningur tjóns	700.00
6. Akstur	165.00
	Kr. 161.441.05

Um 1.

Af slysstaðnum var stefnandi fluttur á slysavarðstofuna. Í vottorði yfirlæknisins þar, Hauks Kristjánssonar, dags. 8. ágúst 1959, segir, að stefnandi hafi kvartað um miklar kvalir í vinstra fæti, er komið var með hann á slysavarðstofuna. Við skoðun hafi komið í ljós, að neðri hluti sköflungs og sperrileggs vinstri fótar var þverbrotinn og talsverð stallmyndun á brotstaðnum. Var þegar gert að brotinu og tókst að koma því í góða stöðu. Stefnandi lá síðan í slysavarðstofunni í tvo daga, en var þá fluttur í Landspítalann.

Í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis, dags. 7. ágúst 1959, segir, að engin aðgerð hafi verið gerð á fæti stefnanda í því sjúkrahúsi, þar eð gipsumbúðirnar á fætinum hafi virzt fara vel og brotið vera í góðri stöðu. Var stefnandi fluttur í Sólvang í Hafnarfirði eftir þriggja daga dvöl í Landspítalanum. Þaðan útskrifaðist hann 8. júlí 1959, er rúmir fjórir mánuðir voru liðnir frá slysinu. Í fyrrgreindu vottorði dr. Snorra Hallgrímssonar segir, að stefnandi hafi komið í Landspítalann 8. maí 1959 til þess að láta skipta um umbúðir á fætinum. Hafi þá komið í ljós nokkur skekkja á brotstaðnum, er reynt hafi verið að lagfæra. Þá segir í vottorðinu á þessa leið:

„... Hervald hefir nú (þ. e. 7. ágúst 1959) verið umbúðalaus í nokkurn tíma og á fótum, en er mjög haltur og gengur við tvo stafi. Brotið er enn ekki örugglega gróið, en orðið þó nokkuð fast. Ekki verður séð fyrr en eftir 1—2 mån., hvort brotið grær án frekari aðgerða...“

Lagt hefur verið fram í málinu ýtarlegt vottorð frá heimilislækni stefnanda, Ólafi Jóhannssyni, dags. 2. febrúar 1960. Þar segir á þessa leið:

„... Þegar ég sá sjúkl. nokkru síðar (þ. e. eftir að hann var útskrifaður af Sólvangi), átti hann erfitt með að staulast um við tvo stafi. Hann var þá mjög lasburða og kvartaði um þrautir í vinstri fótlegg og niður í fót. Röntgenskoðun þ. 27/7 sýndi sveigju á brotstaðnum aftur á við (recurvatio 17°) og einnig lítils háttar hliðarsveigju inn á við á báðum beinum. Brotið er þá að sjá illa gróið, en sennilega fast. Allmikil úrkölkun er þá í fótleggnum, um öklaliðinn og í vinstra fæti. Ekki var talið ráðlegt að hreyfa við brotinu. Hann var látinn hvílast með nokkurri fótavist með vefjaumbúðum til stuðnings. Vinstri öklaliður var mjög stirður og fótleggurinn allur áberandi rýr. Sjúkl. er sendur til meðferðar hjá nuddlækni (Björgvin Finnsson) þ. 5/8. Brotið er athugað aftur með röntgenskoðun þ. 22/9. Stefna beinanna er að sjá óhögguð,

brotið virðist á leið að gróa, en beinmyndun lítil. Sjúkl. fer síðan hægt fram og þ. 17/12 er enn á ný gerð röntgenskoðun og status þá svipaður og áður, enda þrautir og allmikil úrkölkun.

Þ. 15/1 1960 er brotið loks að sjá gróið og vel fast. Sveigjan hefur rétt nokkuð (mælist 15°).

Sjúkl. hefur lengst af verið allasburða og mjög haltur og haft þrautir, einkum við gang. Hann gekk við tvo stafi þar til í lok september og eftir það við einn staf, þar til um miðjan desember. Aldrei hefur þótt ráðlegt að reyna að rétta brotið, eftir að sjúkl. kom af sjúkrahúsinu, þar eð árangur virtist mjög tvísýnn, sökum þess hve beinmyndun (callus) á brotstaðnum var hægfara og grunsamlegt þótti um byrjandi herzli (sclerosis) í brotendum og auk þessa allmikil úrkölkun í beinum.

Nú gengur sjúkl. talsvert haltur, en er þrautalítill. Hann kvartar um þreytuverk frá brotstaðnum og niður í ökla. Á kvöldin er hann nokkuð bólgin um öklaliðinn. Hann er óþægindalaus að mestu í hvíld og virðist nú fær til létrar vinnu. Sennilega mun sjúkl. verða aftur fær til erfiðisvinnu, en hætt er við breytingum í vinstri öklalið (arthrosis) síðar meir, og hann mun að líkindum ætíð verða nokkuð haltur.“

Þórarinn Sveinsson læknir skoðaði stefnanda 9. febrúar 1960.

Mat hann jafnframt örorku stefnanda af völdum slyssins. Er örorkuvottorðið dags. 13. febrúar 1960. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... *V. ganglimur*: Eðlileg beyging í v. hnélið. Greinileg rýrnun á vöðvum á fótleggjum og eins nokkuð á lærvöðvum. Einnig er greinileg sveigja afturávið um brotstaðinn og jafnframt inn á við. Við athugun á röntgenmyndum sést, að sköflungur og sperrileggur hafa þverbrotnað um 6 cm ofan við öklaliðinn. Síðasta röntgenmynd hefur verið tekin 15. jan. 1960, og er lýsing á henni svohljóðandi:

„*V. fótleggur (control)*. — Brotið í vinstri fótlegg er nú að sjá fastgróið, enda þótt ennþá megi greina brotlínuna, bæði í tibia og fibula sin., og nokkur sclerosis virðist vera á brotstaðnum. Kalkinnihald beinanna er að þessu sinni öllu meira heldur en áður var, enda þótt nokkur úrkölkun sé í vinstri öklaregio. Á brotstaðnum vottar fyrir *recuratio* ca. 15° og *valgitet* ca. 9° .“

Við þuklun á brotstaðnum finnst fyrir beinasambreyskjunni. Vöðvafesta er nokkur á viðkomandi brotsvæðum. Hreyfingar í öklalið eru lítils háttar hindraðar, svo að nærri mun láta, að allt að $\frac{1}{3}$ af hreyfanleika skorti á eðlilega hreyfingu, borið saman við h. megin. Við nákvæma mælingu á leggnum er 1 cm

stytting á v. ganglim, borið saman við þann hægri. Greinilegt ílsig er á v. fæti og á göngu er hann útskeifur (Pes-plano-valgus). Húðlitur er eðlilegur og æðasláttur eðlilegur.

Ályktun: Um er að ræða fótbrot, sem ákeyrzla olli. Brotið hefur gróið óvenjuhágt, og nokkur skekkja hefur orðið á brotstaðnum, þegar brotið loksins beinfestist. Stytting, um 1 cm, hefur orðið á ganglimnum. Ennþá er mikil rýrnun á vöðvunum, en gera verður ráð fyrir, að það eigi eftir að lagast verulega eða ef til vill til fulls. Einnig hreyfanleiki í öklaliðnum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 5 mánuði fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 mánuð þar á eftir	85%	—
— 1 — — — —	75%	—
— 1 — — — —	65%	—
— 1 — — — —	50%	—
— 1 — — — —	40%	—
— 1 — — — —	30%	—

Úr því má áætla eftirfarandi örorku eins og útlit bendir nú til:	
Fyrir 2 mánuði í framhaldi af fyrra mati	25% örorku
— 4 — — — — —	20% —
— 4 — — — — —	15% —

Úr því 10% varanlega örorku.“

Stefnandi er sagður fæddur 26. marz 1927. Hefur hann samkvæmt því verið 31 árs gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans 1956—'58 verið þessar:

Árið 1956 kr. 65.825.74, árið 1957 kr. 48.612.39 og árið 1958 kr. 55.881.59.

Hinn 28. febrúar 1960 var áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við framangreint örorkumat, reiknað út af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi. Til grundvallar útreikningnum eru lagðar atvinnutekjur stefnanda fyrrgreint tímabil, umreiknaðar til samræmis við kauplag á slysdagi. Við umreikning þenna á tekjunum er gert ráð fyrir breytingu í hlutfalli við Dagsbrúnartaxta. Reiknast hinum sérfróða manni ársmeðaltal teknanna nema kr. 65.916.00. Reiknað á þenna hátt verður niðurstaðan sú, að verðmæti atvinnutjóns stefnanda á slysdagi nemi kr. 135.562.00. Leggur stefnandi þá fjárhæð til grundvallar þeim lið kröfu sinnar, sem hér er til álita.

Aðrar forsendur í greindum útreikningi en getið hefur verið eru 6% ársvextir og dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu

áranna 1941—'50 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.

Stefndi mótmælir fjárhæð þessa kröfuliðar sem of hárri.

Bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 110.000.00. Er þá m. a. haft í huga, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari.

Um 2.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem of háum.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda af völdum slyssins og afleiðingar þeirra samkvæmt þeim læknisgögnum, sem rakin hafa verið, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Um 3.—6.

Þessir kröfuliðir sæta ekki mótmælum og verða teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framanskráðu telst þá tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nema alls kr. 135.879.05 (kr. 110.000.00 + kr. 20.000.00 + kr. 3.864.05 + kr. 1.150.00 + kr. 700.00 + kr. 165.00). Þá fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda. Í vexti af fjárhæðinni verður stefndi dæmdur til að greiða 6% p. a. frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á lögveðrétti hans í bifreiðinni R 7254 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Hálfán Helgason, greiði stefnanda, Hervald Andr-
éssyni, kr. 135.879.05 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. marz 1959
til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til
greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 13.000.00 í máls-
kostnað.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 7254 til tryggingar fram-
angreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbert-
ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.